

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. júní 2008
Tilvísun: UST20080500138/hj

Framleiðsla kísils í Helgufvík – frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. maí 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaþáttum við byggingu kísilverksmiðjunnar sé lýst nægjanlega vel í frummatsskýrslunni en bendir á að í samantekt kemur fram að vegna þess að ekki er búið að tryggja orku verði verksmiðjan væntanlega reist í tveim áföngum, fyrri þrepið verði gangsett 2010 og það síðara væntanlega 2012. Í ljósi þessa telur stofnunin að gera ætti grein fyrir áhrifum framkvæmda vegna hvors þreps fyrir sig, nema ætlunin sé að byggja yfir 50.000 tonna framleiðslu strax í byrjun óháð hvernig gengur með orkuöflun. Ennfremur bendir stofnunin á að það getur verið háð verktökum hvort ástæða er talin til að hafa gístiaðstöðu fyrir verkamenn á svæðinu eða ekki. Því verður annað hvort að koma skýrt fram í öllum útboðsgögnum að svo verði ekki eða gera grein fyrir hvernig staðið yrði að slíku í matsskýrslunni.

Umhverfisstofnun telur allar forsendur til útreikninga á dreifingu mengunar vera góðar. Stofnunin bendir á að fram kemur í skýrslunni að samkvæmt ráðgjafa frá danska fyrirtækinu Halldor Topsøe (á væntanlega að vera Halldor Topsøe) sé styrkur SO_2 og NO_x í útblæstri það lítill að hreinsibúnaður þeirra myndi ekki bæta loftgæði. Hins vegar eru engin gögn lögð fram um hvaða hreinsibúnaður um er að ræða eða hver virkni hans er. Jafnframt bendir stofnunin á að til að dreifingarspá standist verður brennisteinsinnihald hráefnis að vera í samræmi við þær forsendur sem notaðar eru skýrslunni.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að framkvæmdaraðili hyggist nota afsogsloftið frá ofnunum til að endurvinna raforku, þar sem sú tækni sé til. Framkvæmdaraðili segist munu nota bestu tækni og því er eðlilegt að gera ráð fyrir að raforka verði endurunnin í verksmiðjunni. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um hávaða.

Umhverfisstofnun bendir á nokkra ónákvæmni í lýsingu á ákvæðum Kyoto bókunarinnar. Það er ekki til neitt sem heitir *Íslenska ákvæðið* (bls. 3 og 63) eða að *Ísland hafi sérstakt ákvæði í samningnum* (bls 60) heldur er um samþykkt 14/CP/7 við bókunina að ræða sem

Íslenska ríkið getur og hefur ákveðið að nýta.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að væntanlega verður verksmiðjan fyrir framleiðslu á kísil byggð í tveimur þrepum. Búið er að tryggja orku fyrir fyrra þrepið, sem er framleiðsla á 25.000 tonnum af kísilmálm, og áætlað að það verði komið í gang 2010. Markmiðið er að seinna þrepið verði komið í gagnið árið 2012. Verði seinna þrepið hins vegar ekki komið í gang fyrir árslok 2012 þegar skuldbindingatímabilinu vegna Kyoto bókunarinnar er lokið kemur aðeins fyrsta þrepið inn í það tímabil. Það eitt og sér uppfyllir ekki skilyrði 14/CP/7 varðandi magn CO₂ sem losað er og myndi því falla undir almennar losunarheimildir.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir í matsskýrslu hvernig framkvæmdaraðili myndi bregðast við slíkum aðstæðum.

Í kafla 2.8 um úrgang segir að úrgangurinn innihaldi 60-90% kísil auk mismunandi mikið innihald af járn, áli og kalsíum. Gert er ráð fyrir að farga þurfi allt að 50 tonnum árlega. Fram kemur að öll þessi efni séu til staðar í náttúrunni en Umhverfisstofnun bendir á að þar með er ekki hægt að fullyrða að engin mengun sé af þeim eða þau séu hættulaus. Það er háð styrk og magni og öðrum aðstæðum (pH o.s.frv.). Fullyrðingin um að þetta séu hættulaus efni í umhverfinu stenst því ekki. Sama gildir um fullyrðingu á bls. 21 þess efnis að allur úrgangur sé hættulaus ólífræn steinefni. Ennfremur fylgja ekki nein gögn um hvort útskolunarpróf hafi sýnt að úrgangurinn flokkist sem óvirkur samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 með síðari breytingum um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Sú fullyrðing að engar reglur gildi um losun varma í sjó er ekki rétt. Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er mengun skilgreind þannig:

„Með *mengun* er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun loft, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.“

Því gilda almennar reglur um varmalosun út í umhverfið. Hins vegar eru ekki til nein viðmið varðandi losun varma í sjó.

Umhverfisstofnun gerir alvarlega athugasemd við viðauka 9, Drög að starfsleyfi.

Framsetningin á skjalinu í viðaukanum er með þeim hætti að svo virðist sem að stofnunin hafi komið að gerð þessara draga. Málsatvik eru hins vegar þau að ekkert samband var haft við stofnunina við gerð þessa viðauka. Framsetning skjalsins er til þess fallin að umsagnaraðilar og almenningur gætu auðveldlega haldið að stofnunin hafi haft aðkomu að gerð skjalsins. Umhverfisstofnun telur slík vinnubrögð mjög ámælisverð.

Ennfremur telur Umhverfisstofnun það orka tvímælis að birta blaðaúrklippur sem fylgigögn, sérstaklega þar sem efni þeirra bætir engu við þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir varðandi gerð frummatsskýrslunnar.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur að lýsing á framkvæmdinni sjálfri í frummatsskýrslu sé fullnægjandi. Þó mætti gera grein fyrir hvort ætlunin sé að reisa mannvirki fyrir 50.000 tonna verksmiðju strax í byrjun eða hvort þrep fyrir sig. Stofnunin telur allar líkur á að úrgangurinn muni ekki valda mengun og geti flokkast sem óvirkur úrgangur, en telur engu að síður rétt að gerð verði ítarlegri grein fyrir þessu í matsskýrslu. Umhverfisstofnun telur að vothreinsun sem slík muni ekki bæta loftgæði að neinu marki, en betur mætti lýsa í matsskýrslu hreinsigetu slíks búnaðar með tilliti til styrks mengandi efna í útblæstri.


Umhverfisstofnun telur mjög alvarlegt að skjöl sem líta út fyrir að vera gerð í hennar nafni án

þess að vera það séu fylgiskjöl með frummatsskýrslu. Stofnunin telur slík vinnubrögð áælisverð.

Það er mat Umhverfisstofnunar að bygging og rekstur kísilverksmiðjunnar muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, en stofnunin telur þó rétt að í matskýrslu verði fjallað betur um þau atriði sem nefnd eru hér að framan.

Virðingarfyllst


Helgi Jónsson
ráðgjafi


Sigurrós Friðriksdóttir
lagstjóri